


Umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur við skipulagsbreytingum í upplandi Garðabæjar, Urriðakotsdalir og Vífilsstaðahraun.

Skógræktarfélag Reykjavíkur fagnar því að unnið sé að skipulagsvinnu í upplandi Garðabæjar og fagnar bættu umferðaröryggi og bættu aðgengi útivistargesta að svæðinu. Umsögn þessi er skipt í hluta en er þó samhangandi eins líkt og þau skipulagsdrög sem eru í kynningu á vef Garðabæjar. Skógræktarfélag Reykjavíkur óskar eftir þátttöku og aðkomu við gerð stjórnunar og verndaráætlunar svæðisins.

Urriðavatnsdalir friðlýsing.

Skógræktarfélag Reykjavíkur fagnar því að unnið sé að skipulagsvinnu að útivistarsvæði Urriðavatnsdölum og telur að það sé jákvætt að vernda Urriðakotshraun. Skógræktarfélag Reykjavíkur gerir þó alvarlegar athugasemdir við útmörk verndarsvæðins þar sem skipulagssvæðið fer að hluta yfir samningssvæði Heiðmerkur frá 1957 (sjá mynd 1). Skógræktarfélag Reykjavíkur óskar eftir á að samningssvæði Heiðmerkur verði tekið út úr þessum skipulagsdrögum. Miðað við auglýstan deiliskipulagsuppdrátt þá er ræktaður skógur sem félagið á og í umsjón þess innan friðlýsingarsvæðis sjá hæstaréttardóm (*Hrd. Mál. 210/2009*). Fyrirhugað skipulagssvæði innan Heiðmerkur er að hluta til vaxið þéttum ræktuðum skógi sem er að hluta til plantaður árið 1957 og hvetur félagið til að þessi skógur verði flokkaður sem menningarminjar við friðlýsingu. Töluvert er af sjálf sáðu birki, furu og grenitrjám í Urriðakotshrauni sem hefur sáð sér frá skóginum í Vífilsstaðahlíð. Þessi náttúrlega dreifing skógarplantna yfir hraunið eykur skjól og bindur kolefni. Skógræktarfélag Reykjavíkur hvetur til þessa að þegar reglur um fólkvanginn líta dagsins ljós verði veitt leyfi fyrir þessum sjálfsáðu plöntum en setur sig ekki upp á móti upprætingu innfluttra tegunda í hraunjaðri með umhverfisvænum hætti. Skógræktarfélag Reykjavíkur er tilbúið að koma að umhirðu trjágróðurs inn í Urriðakotsdal sé þess óskað í samstarfi við Oddfellow.



Mynd 1 Deiliskipulagsuppráttur samkvæmt drögum frá Garðabæ ásamt mörkum (græn lína) Heiðmerkur samkvæmt samningi við Ríkisspítala frá árinu 1957 við Skógræktarfélag Reykjavíkur þ.e. austan grænnar línu er samningssvæði Heiðmerkur.

Reiðstígur niður Vífilsstaðahlíð.

Samkvæmt skipulagsdrögum sem liggja nú til kynningar er gert ráð fyrir nýjum hestastíg frá Ljósukollulág niður Vífilsstaðahlíð. Í Vífilsstaðarhlíð eru gamall birkiskógur og hafa tré verði aldursgrein á því svæði greind yfir 90 ára gömul. Einnig hafa kvæma rannsóknir bent til að erfðaeiginleiki birkisins í Vífilsstaðarhlíð sé mikilvægt innlegg í erfðabreytileika birkis á landsvísu en í nýlegri rannsókn kom fram að birkið úr Vífilsstaðarhlíð stóð sig vel með tilliti til fjölda þátta (Brynjar Skúlason og Brynja Hrafnkelsdóttir, fagráðsefna skógræktarinnar 2022).

Skógræktarfélag Reykjavíkur hvetur til þess að horfið verði frá þessum reiðstíg og náttúrlegur skógur fái að halda sér. Ef af lagningu þessa reiðstígar verður, þá þarf að færa til stígstæði að lúpínubreiðu sem eru umhverfis náttúrulegan birkiskóg á þessu svæði.

Nýtt vegstæði frá Maríu Hellum

Skógræktarfélag Reykjavíkur er jákvætt í garð nýs vegstæðis sem það telur að eykur umferðaröryggi. Skógræktarfélag Reykjavíkur telur þó að það verði skert aðgengi að útivistarsvæðinu þar sem ekki er gert ráð fyrir bílastæðum við Maríuhella. Við núverandi bílastæði er grasflöt og áningarstaður með upplýsingaskilti telur félagið að það sé ávinningur að þeim áningarstað fyrir útivistargesti.

Stofn og Útivistarstígar

Fagnar félagið uppbygginu og bættu aðgengi, fyrirhuguð tenging úr Vífilstaðarhlíð inn á svæði er atriði sem að skiptir félagið miklu máli og óskar það eftir að taka þátt í útfærslu á þessari tengingu.

F.h. Skógræktarfélags Reykjavíkur

Auður Kjartansdóttir